

Ævintýralegt jafnrétti

Kynjahugmyndir leikskólabarna
Þróunarverkefni um jafnrétti í leikskóla



Anna Elísa Hreiðarsdóttir

Leikskólinn Iðavöllur Akureyri

16. júní 2014

Ævintýralegt jafnrétti

Kynjahugmyndir leikskólabarna
Þróunarverkefni um jafnrétti í leikskóla

Skýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Leikskólinn Iðavöllur Akureyri

Nafn verkefnisins: Ævintýralegt jafnrétti. Kynjahugmyndir leikskólabarna

Nafn verkefnisstjóra: Anna Elísa Hreiðarsdóttir

Tengiliður skóla: Hólmfríður Þórðardóttir leikskólakennari á Þrymheimi

Aðrir sem unnu að verkefninu:

Arnar Yngvason deildarstjóri Þrymheims

Kristín Elva Magnúsdóttir leikskólakennari á Þrymheimi

Ólöf Jónasdóttir leikskólaleiðbeinandi á Þrymheimi

Númer samnings: UMS-084 styrkur fyrir veturinn 2013-2014

Mynd á forsíðu gerði Ragnhildur Ingólfssdóttir

Formáli

Ævintýralegt jafnrétti – kynjahugmyndir leikskólabarna er þróunarverkefni sem unnið var í leikskólanum Iðavelli á Akureyri veturinn 2013-2014. Skólinn státar af langri og fjölbreyttri reynslu af árangursríkri þróunarvinnu og sem dæmi má nefna eftirtalin verkefni sem hlutu styrk úr þróunarsjóði leikskóla:

- *Menningarlegur margbreytileiki* (2002-2004)
- *Bifröst – Brú milli heima* (2004-2005)
- *Lengi býr að fyrstu gerð*. Kennsluleiðbeiningar fyrir leikskólustarf með 1 – 3 ára börnum (2006)
- *Fimm ára og fær í flestan sjó. Lestrar-, ritunar- og stærðfræðináms í gegnum leik* (2008)

Til viðbótar má nefna verkefnið *Útheimur „Við vorum þarna í hríðarbyl og hellidembu og það var bara allt í lagi“* (2011). Verkefni fólst í að stofna útideild við skólann. Öll verkefni sem hér eru nefnd eru aðgengileg á heimasíðu skólans á slóðinni idavollur.is enda er það stefna skólans að hafa verkefni opin og aðgengileg. Þannig getur þekking sem verður til s.s. við þróunarverkefni, orðið fleirum að gagni. Sagan hefur sýnt að kennarar af grunn- og leikskólastigi, foreldrar og aðrir sækja sér upplýsingar í þessi gögn og nýta sér þau.

Þróunarverkefnið snýst um jafnrétti, sem er einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011). Það er því mikilvægt að skólar vinni að jafnrétti og með jafnrétti með markvissum hætti. Verkefninu var ætlað að vera liður í þeirri vinnu og í þessari skýrslu er verkefnið kynnt, farið yfir helstu þætti, meðal annars mat og niðurstöður.

Markmið og leiðir

Nafn verkefnis: *Ævintýralegt jafnrétti. Kynjahugmyndir leikskólabarna.*

Verkefnið var unnið á deild fjögurra ára barna, Þrymheimi, í leikskólanum Iðavelli, Akureyri.

Markmið þróunarverkefnissins var þrjúþætt:

Fyrir börnin: Að vinna með og efla jafnréttisvitund leikskólabarna.

Fyrir kennara/skólann: Að efla vitneskju kennarar um leiðir og árangur af markvissri jafnréttis- og kynjafræðiumræðu.

Fyrir skólasamfélagið: Að til verði leiðir í samþættri vinnu í jafnréttis- og kynjafræði fyrir leikskóla.

Rannsóknarspurningar á bak við verkefnið voru:

Hverjar eru jafnréttis- og kynjahugmyndir fjögurra ára barna? Hvernig má vinna með þær í anda jafnréttis og kynjafræða? Hvernig má efla vitneskju leikskólakennara um leiðir og árangur af markvissri jafnréttis- og kynjaumræðu?

Leiðir að markmiðum fólust í fimm megin þáttum:

Að skapa börnum tækifæri til að taka virkan þátt í umræðu um jafnrétti- og kynjafræði á eigin forsendum.

Að gefa börnum tækifæri til að takast á við viðteknar hugmyndir um kynjahlutverk

Að efla gagnrýna hugsun barna í gegnum sögugerð og leik.

Að börnin geti samið sögur, söguþræði á skapandi hátt út frá jafnréttis- og kynjasjónarmiðum.

Að börnin læri að greina og vinna með möguleika og takmarkanir (sbr. mismunun og forréttindi í aðalnámskrá).

Viðfangsefni

Megin viðfangsefni verkefnisins var að vinna markvisst með ævintýri sem leið til að auka vitund barna og kennara, um jafnrétti og kynjahlutverk, möguleika og takmarkanir. Einnig var vinna barna og hugmyndir notaðar til að semja kennaraleiðbeiningar og námsefni fyrir leikskóla um jafnréttis og kynjahugmyndir og hvernig má vinna með þær í gegnum sögur og leik.

Unnið var með þrjú ævintýri, sérstaklega valin vegna þess að líklegt þótti að all flest börnin þekktu til þeirra. Ævintýrin hafa einnig ákveðna eiginleika sem falla vel að verkefninu, t.d. er ekkert þeirra með prinsessuívafi eða enda með giftingu. Ævintýrin sem urðu fyrir valinu voru:

- Rauðhetta, stelpa sem þorði að fara inn í skóginn.
- Búkolla, drengurinn sem gafst ekki upp.
- Hans og Greta, systkinin úrræðagóðu.

Rauðhetta og drengurinn sýna bæði eiginleika sem segja má að séu hefðbundinni kynjatengingu við bæði kyn. Þau eru bæði hugrökk, Rauðhetta fer ein inn í skóginn og drengurinn stelar Búkollu úr tröllahelli. Bæði eru í erindagjörðum af umhyggju. Rauðhetta heimsækir veika ömmu með mat og drengurinn bjargar kúnni, bjargráði heimilisins.

Ferlið: Fyrst voru forhugmyndir barna ræddar og unnið með þær í gegnum umræðu í barnahópnum undir leiðsögn kennara. Kennarar leiddu umræður með jafnréttis- og kynjafræðisjónarmið að leiðarljósi innan ákveðins ramma, þar sem ævintýri eru skoðuð náíð, fyrst með hefðbundnum hætti en síðar út frá fleiri sjónarhornum. Skipulagðar voru stundir þar sem aðferðir heimspekilegrar samræðu voru notaðar til að greina og vinna með hugtök og hugmyndir barna um kynhlutverk, jafnrétti, möguleika og takmarkanir tengdar kyni. Börnin unnu að sögugerð og skapandi starfi og mættu á fundi þar sem unnið var að verkefnum sem urðu til þegar á verkefnið leið.

Ævintýrið var lesin og síðan aftur og aftur með ítarlegri umræðu og skoðun. Hugtök eru skoðuð og greind með það að markmiði að börnin hafi góðan skilning á öllum þáttum í sögunni. Jafnframt var sagan færð inn í skólastarfið með fjölbreyttum hætti. Fyrst hin hefðbundna saga síðan útfærslur barna. Börnin fengu tækifæri til að leika persónurnar bæði með figúrum og búningum, endursegja sögurnar og endurskapa þær í teikningu og öðru skapandi starfi. Börnin sömdu eigin sögur og ævintýri og bjuggu til nýjar útgáfur af gömlum ævintýrum. Á myndunum má sjá börnin skoða söguna um Rauðhettu en sagan var sett upp í mörgum útgáfum víða um útileiksvæðið, bæði með og án texta. Sama var gert inni en sögurnar úti vöktu mikla athygli og efldu hlutverkaleik úti.



Frávik og hindranir

Vorið 2013 Í maí var starfdagur á lðavelli. Verkefnisstjóri hélt erindi og námskeið, annars vegar um jafnrétti í leikskólastarfi og hins vegar um málörvun. Hvorutveggja til að leggja grunn að þróunarverkefninu næsta vetur. Þetta var ekki á áætlun en skipti miklu máli fyrir vinnuna fram undan. Þá var gengið frá því að tengiliður við skólann yrði annar en gert var ráð fyrir í upphafi. Hólmfríður Þórðardóttir tók hlutverkið og sá um megin þungan af vinnunni á deildinni, hélt utan um fundi, vinnu barna og var öðrum kennurum til leiðsagnar.

Tekin voru rýnihópaviðtöl við tvo hópa barna árinu eldri en börnin sem síðar tóku þátt í verkefninu. Haft var samband við foreldrar til að afla nauðsynlegra leyfa og rýnihópaviðtöl voru tekin í júní, stuttu áður en börnin fluttu á næstu deild, deild fimm ára barna.

Haustið 2013 Mikið var lagt upp úr því að vanda undirbúninginn og fór mánuðurinn að miklu leyti í undirbúning fyrir verkefnið. Haldin var kynning fyrir foreldra, sem sýndu áhuga og voru jákvæðir. Einnig var fundað með kennurum á deildinni og síðan jafnt og þétt yfir veturinn. Þeir lásu einnig fræðsluefni og rannsóknir og svo þurfti að búa til kennslugögn eða útvega þau, semja verkefni og taka stöðuna í barnahópnum. Þegar líða tók á mánuðinn voru haldnir fyrstu fundir með börnum og lagt var upp í vinnuna við Rauðhettu.



Um mánaðamótin september-október var sagan um Rauðhettu sett inn í umhverfið úti og inni. Sögurnar úti vöktu sértaka athygli en það varð eiginlega vendipunktur í vinnunni þegar kennarar tóku það upp hjá sér að leika söguna og setja karl í Rauðhettuhlutverkið og hafa konur sem afa og pabba, úlfurinn og veiðimaðurinn voru svo konur. Þetta kveikti bæði hugsun og áhuga og í kjölfarið mátti sjá stráka leika Rauðhettu og stelpur úlfa.

Vinnan við Rauðhettu hélt áfram eftir því sem leið á veturinn og sagan um Búkollu var sett inn í umhverfið í leik og samverustundum. Það var greinilegt að börnin þekktu þá sögu betur. Börnin stöldruðu meira við tröllin en strákin og þá var ákveðið að breyta út af áætlun verkefnis. Hætta við að fjalla um Hans og Grétu og taka tröll og skessur fyrir í staðinn. Það vakti góða raun. Jólin voru framundan með jólasveinana og þeirra fjölskylda öll féll vel að verkefninu.


Í árslok var unnið úr gögnum og að skipulagi fyrir næsta misseri og í janúar 2014 hélt vinnan áfram. Í könnun meðal foreldra kom í ljós að þeir höfðu áhuga á öðrum leiðum en áætlun gerði ráð fyrir. Meðal annars vildu þeir hafa aðgang að lesefni og komið var upp örbókasafni og var það staðsett þar sem foreldrar ganga um daglega. Einnig var stofnuð opin facebooksíða um verkefnið. Í mars var haldið málþing með kennurum og foreldrum um jafnréttisuppeldi. Mæting var framar öllum vonum og hlustuðu þáttakendur á tvö erindi, annað um verkefnið, hitt um jafnréttisuppeldi. Síðan var unnið í hópum að umræðum um álitamál og að lokum voru niðurstöður dagsins teknar saman.



Frávik frá áætlun eru að öðru leiti sú að við endurskoðun á fjárhagsáætlun sem var rýmri en styrkurinn, var ákveðið að sleppa vinnu listamanns en efla í staðinn aðkomu allra kennara á deildinni að verkefninu. Tóku þeir að sér ákveðna verkþætti þar sem einn hélt utan um skapandi starf og annar sögugerð svo dæmi séu tekin. Þar af leiddi að allir sem á deildinni unnu komu að verkefninu að meira og minna leiti.



Nokkrum sinnum yfir veturinn voru fréttabréf sett upp í skólanum, bæði fyrir kennara á öðrum deildum og fyrir foreldra. Þar var farið yfir stöðu verkefnis, helstu viðfangefni og kennurum gefnar hugmyndir að verkefnum.



Mat

Aðferðir uppeldisfræðilerarg skráninga notaðar til að greina stöðu og áherslur. Kennarar og verkefnisstjóri héldu dagbækur. Skráðar voru vettvangsnótur og upptökur af skipulögðum stundum og leik barna notað til að skrá ferli og meta árangur, á þeim gögnum byggja niðurstöður sem greint var frá hér framar.

Könnun var lögð fyrir foreldra í upphafi og í lok verkefnis þar sem hugað verður að viðhorfum þeirra til verkefnis, mat á framkvæmd og árangri. Í fyrri foreldrakönnunni kom fram að allir foreldrar vildu leyfa opinbera notkun á ljósmyndum, upptökum og efni barna en 10 vildu að nöfn barna kæmu ekki fram. Því er nöfnum barna eytt úr gögnum.

Foreldrum leyst almennt vel á verkefnið og höfðu trú á að vinna með jafnrétti gæti skilað árangri, sögðust hafa fengið næga kynningu á verkefninu en vildu ekki frekari fundi um verkefnið en töldu fréttabréf vera heppilega leið til að koma upplýsingum heim sem og upplýsingatafla í forstofu og heimasíða deildar. Foreldrar tölu nægja að fá fréttir 1-2 í mánuði. Stór hluti foreldrar vildi fá fræðslu um jafnréttismál og margir vildu aðgengi að lesefni um jafnréttisuppeldi. Við hvoru tveggja var brugðist, haldið var málþing um jafnréttisuppeldi og stofnað örbókasafn. Foreldrar voru spurðir um hvað í verkefninu þeim þætti mikilvægast og flestir nefndu sögugerð og vinnu með ævintýri og skapandi starf, í þessari röð eftir mikilvægi. Leikinn settu foreldrar í fjórða sæti og vinnu með kynhlutverk í því fimmta, þá komu samræður og að lokum jafnrétti.

Fjórtán foreldrar tóku þátt í mati að vori. Spurt var um sýnileika allra þátta í verkefninu og höfðu lang flestir orðið varir við sögugerðina, þá skapandi starf, leikinn eða jafnrétti en minnst ævintýrin. Einn sagðist lítið hafa orðið var við verkefnið og tveir ekkert. Foreldrar nefndu að börnin ræddu heima fyrir um kynhlutverk, t.d. að karl geti verið Rauðhetta eða klætt sig í kjól ef hann vildi. Eitt foreldrið skrifaði: „...umræða heima fyrir um mismunandi hlutverk og hver gerir hvað og getu hvers og eins“. Annar sagði barn sitt sýna aukinn áhuga á að hlusta á sögur og nokkrir nefndu að börnunum hafi þótt verkefnið skemmtilegt. Sumum foreldrum höfðu á orði að þeim hafi þótt verkefnið skemmtilegt og voru jákvæðir.

Niðurstöður

Ávinningur af verkefninu er margvíslegur. Fyrst má nefna að kennarar telja sig meðvitaðri um jafnréttisuppeldi og kennslu. Gagnrýnni bæði á eigin starf og meira vakandi fyrir því hvernig má vinna að jafnrétti í leikskóla. Reynsla komst á vinnubrögð og aðferðir. Sú reynsla verður til gagns komandi ár.

- Börnin urðu færari í að tjá sig
- Börnin náðu árangri í teikningu og skapandi starfi
- Börnin náðu árangri í sögugerð
- Hlutverkaleikur varð fjölbreyttari
- Börnin urðu víðsýnni
- Kennarar æfðust í vinnubrögðum
- Kennarar urðu meðvitaðri um þætti sem snúa að jafnrétti
- Foreldrar hafa áhuga á fræðslu og umræðu um jafnréttisuppeldi

Áhrif verkefnisins á börnin voru því margvísleg. Þau æfðust í að tjá sig og segja skoðanir sínar, sýndu mörg hver framfarir í skapandi þáttum s.s. teikningu og urðu víðsýnni og gagnrýnni. Að því sögðu eru dæmin um hefðbundin kynhlutverk, bæði í teikningu, sögum og umræðum, fleiri en hin.

Þegar farið var af stað með umræður við börnin voru fyrstu viðbrögð gjarnan að svara „ég veit það ekki“ eða „af því bara“. Hvort heldur sem börnin voru þannig að komast undan að svara ítarlegar eða þau voru óvön að fjalla um flókin málefni þá var ljóst að mikil þörf var fyrir að æfa tjáningu þeirra og samræðuhæfni. Þegar á leið vannst töluverður árangur og börnin tóku þátt í umræðum, skiptust á skoðunum og veltu málefnum fyrir sér. Þegar hlé varð á vinnunni í kringum jólin mátti greina bakslag á þessu sviði sem sýndi mikilvægi þess að börnin fái skipulögð og markviss tækifæri til að tjá sig og koma skoðunum á framfæri jafnt og þétt í gegnum alla skólagöngu sína.

Í upphafi sýndu upptökur að þegar börnin léku sér í hlutverkaleik léku strákarinn sinn leik og stelpurnar sinn. Þó að hóparnir væru að leik í sama rými áttu voru leikirnir tveir og snertust ekki að öðru leiti en því að börnin áttu samskipti ef annar leikurinn fór inn á svæði hins. Ekki er hægt að fullyrða að aðrar útfærslur hafi ekki fundist þegar ekki var verið að taka upp en í upptökum í janúar má meðal annars sjá að strákur sóttist eftir hlutverki í stelpuleik og fékk það. Skilin á milli voru því ekki eins skýr og velta má fyrir sér hvort þar megi þakka verkefninu en ekki er fullyrt um það hér.

Í upphafi voru börnin nokkuð staðföst í skoðunum sínum um að til væru litir, leikföng og hlutverk fyrir börn tengt kyni. Þegar á verkefnið leið varð fjölbreytnin meiri. Dæmi um það er þegar einn drengjanna beðin um að teikna dót fyrir stráka þá hugsaði hann sig um og teiknaði svo mynd og sagði „þetta er strákaheili“ (mynd hér neðar). Það er kannski of djúpt í árina tekið að segja að honum hafi ekki dottið neitt annað í hug sem bar á milli stráka og stelpna en það leit þó þannig út.



Annað dæmi má taka af stúlkunum sem tóku þátt í umræðu um dreka og voru sannfærðar um að prinsessur gætu ekki drepit dreka en sjálfar réðu þær alveg við verkefni af því taginu. Þetta var töluverð framför frá hugmyndum þeirra að hausti þegar það kom engan vegin til greina að stelpur þyrftu ekki prins í slíkt verkefni.


Fleiri dæmi má nefna sem sýna að börnin urðu víðsýnni. Annar drengur teiknaði mynd og sagði „Ég ætla að verða eins og pabbi þegar ég verð stór, elda mat, þvo og skipta á bleyju“ (mynd til vinstri) og stúlka teiknaði mynd af pabba sínum í prinsessubúningi, fagurbleikum (mynd til hægri).



Þetta eru dæmi um myndir og tjáningu þvert á hefðbundnar hugmyndir um kynhlutverk, árangur sem beinlínis má rekja til verkefnis. Slík dæmi þekktust ekki áður en verkefnið fór af stað og ekki mátti sjá dæmi um þau hjá samanburðahópnum.

Skráning kennara: Við förum út með skott og rauðar húfur (2 derhúfur og 1 rauða hettu). Derhúfurnar urðu strax að pylsuhúfum hjá mönnum sem seldu pylsur. Hettan og skottin voru notuð í Rauðhettuleikrit. Við gerðum tvær tilraunir til að fara í gegnum leikritið. Bæði skiptin enduðu þegar úlfurinn var búinn að gleypa Rauðhettu. Börnin komust ekki áfram þrátt fyrir töluverða aðstoð, breytta hlutverkaskipan og að eitthvað að börnunum skiptust út. Það virtist vera of flókið að leika persónu sem var að leika aðra persónu. En að auki átti Rauðhetta erfitt með að spyrja úlfinn sem átti að vera að leika ömmu. Eftir það varð til úlfaleikur. Börn og kennarar voru úlfar til skiptis og eltu eða reyndu að komast undan og fela sig. Þau sem voru hræddust í upphafi og vildu hvergi vera nálægt voru farin að hlaupa með að lokum, sérstaklega ef barn var úlfurinn.

Börnunum fór fram í teikningu og skapandi starfi. Stuttu eftir að verkefnið hófst var stúlka að segja sögu með því að teikna ömmuna. Hún var ekki ánægð með árangurinn og gerði fjórar tilraunir áður en amman varð nógu góð. Á nokkrum mínutum mátti sjá hana ná miklum framförum. Hugsanlega ýtti það undir hana að hafa hlustendur og það virkað sem hvatning til að reyna meira en annars.



Verkefnið hafði áhrif á hlutverkaleik barna og í október mátti sjá stelpurnar leika úlfinn og strákarnir fóru að leika Rauðhettu sem kom gleðilega á óvart því það hafði sýnt sig að drengirnir áttu erfiðara með að fara í „stelpuhlutverk“ en stúlkurnar að fara í „strákahlutverk“



Í gegnum verkefnið var unnið markvisst að því að börnin tjáðu sig. Í fyrstu gripu þau gjarnan til teikninga og tjáðu svör sín þannig en þegar á leið fóru þau að svara í orðum. Á teikningum á næstu síðu má sjá dæmi um barn sem í október teiknar það sem það vildi segja en í febrúar setur sama barn orð á sömu atriðin.


Dagsetning	25/10 2013
Viðfangsefni	Það sem pabbi og mamma gera í vinnunni



Pabbi skrifar hratt

mamma skrifar svo

Dagsetning	06.02.2014
Viðfangsefni	Það sem pabbi og mamma gera í vinnunni



mamma á að vera í fríi með hundi. Hún situr við vörð og skrifar.

Pabbi er að þykjast vinna svo mikið með tær tölur. Hann á skervél

Þróunarverkefnið tók til margra þátta og fjölmargt var unnið sem ekki gefst svigrúm til að segja frá í stuttri skýrslu. Meðal annars drógu kennarar fram gamla ritvél til að skrá sögur barnanna á. Börnunum þótti ritvélin spennandi, ekki síst voru þau upptekin af því að stafirnir skyldu koma strax á blaðið. Marga sögur voru samdar á ritvélina með kennara sem ritara. Sögur voru einnig skráðar á tölvu og prentaðar út og unnið var á ípad en þessi gamla tækni gaf viðbót sem skilaði árangri.



Náðust markmiðin?

Markmið verkefnis voru þrjú og hér er hverju þeirra svarað í stuttu máli.

Fyrir börnin: Að vinna með og efla jafnréttisvitund leikskólabarna. Unnið var markvisst og eftir fjölbreyttum leiðum að því að vinna með og efla jafnréttisvitund barnanna. Árangur var nokkur, ekki hve síst í að gera börnin gagnrýnni á staðhæfingar og hugmyndir.

Fyrir kennara/skólann: Að efla vitneskju kennarar um leiðir og árangur af markvissri jafnréttis- og kynjafræðiumræðu. Kennarar á deildinni telja sig meðvitaðri um jafnrétti og betur vakandi fyrir því sem hægt er að vinna með.

Fyrir skólasamfélagið: Að til verði leiðir í samþættri vinnu í jafnréttis- og kynjafræði fyrir leikskóla. Verkefnið og kennsluleiðbeiningarnar munu verða aðgengilegar á vef og því mögulegt að aðrir geti nýtt sér þær að hluta til eða sem heild.

Dæmi:

Umræðufundir æfðu börnin í að tala um málefni og fljótt mátti sjá aukna færni í að svara spurningum og ræða málefni. Hugmyndir þeirra urðu fjölbreyttari en um leið kom fram að þegar hlé varð á vinnunni mátti greina bakslag. Það gekk fljótt að vinna það upp en sýndi að stöðug vinna skilar bestum árangri. Það virðist því vera mikilvægt að vinna með jafnrétti sé fastur hluti af daglegu starfi.

Sögugerð og skapandi starf skilaði miklum árangri. Börnunum fór mikið fram í teikningu og sögugerð. Sögur barnanna urðu efnismeiri og lengri eins og sjá má á dæmunum hér aftar.

Hlutverkaleikur barna varð fjölbreyttari m.a. léku strákar og stelpur sér saman í hlutverkaleik en það hafði verið fátítt um haustið.

Kennarar og verkefnisstjóri eru sammála um að það mikilvægast við verkefnið er að það skapaði umræðugrundvöll. Framfarir barna í samræðum urðu umtalsverðar og það gefur þeim aukna möguleika til að koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig efldi verkefnið tækifærin til að vinna með lýðræði og vinna að lýðræði.

Þeir sem að verkefninu unnu eru einnig sammála um mikilvægi þess að hafa haft sögurnar sem upphafspunkt því þær komu bæði kennurum og börnunum af stað inn í verkefnið. Það gaf einnig góða raun að nota dægurmenninguna sem útgangspunkt á fundum og verkefnið gerðu vinnuna markvissari.

Það var einnig mikilvægt að hafa fjölbreytt nálgun og samþættingin skipti máli. Þannig var alltaf af nægum hugmyndum að taka og hægt að flétta jafnréttisumræðu inn í starf og leik víðast í leikskólastarfinu. Það auðveldaði einnig kennurum að taka þátt í sumum þáttum verkefnis án þess að þurfa að sinna þeim öllum. Fjölbreytt nálgun viðhélt líka áhuga bæði kennara og barna og gerði auðvelt um vik að finna nýja fleti að vinna að.



Sögurnar úti voru skoðaðar jafnt og þétt allan veturinn og hafði áhrif á hlutverkaleik úti því börnin fléttuðu sögupersónurnar á myndunum inn í aðra leiki, t.d. sjóræningjaleik eða batman-leiki.

Skráning mánudaginn 7. október: Drengur kemur inn úr útiveru. Segist hafa lesið söguna úti alveg sjálfur. Kennari: Um hvað var sagan þín? Drengur: Æi ég man það ekki. Hann var samt upprifinn af að

hafa lesið textann sjálfur. Börnin hafa ekki síður sýnt áhuga á skrifuðu sögunni en myndunum. Annað hvort „lesa“ þau sjálf eða biðja kennara um það.

Framhaldið

Sögugerði og umræður eru atriði sem munu lifa áfram og verða fastur hluti af starfi deildarinnar. Kennarar eru sammála um að í gegnum þær má vinna að jafnrétti og lýðræði og ná árangri á mörgum sviðum.

Við vinnu við þróunarverkefnið urðu til kennaraleiðbeiningar og fjölmörg verkefni fyrir börn, bæði umræðuverkefni og dýpkun á vinnu við sögur. Einnig fylgir þeim leiðbeiningar fyrir kennara og hugmyndir að vinnu með kennarahópum og foreldrahópum. Með sumrinu þarf að finna farveg til að koma þeim í aðgengilegt form. Á næstu síðu má sjá dæmi um eina áætlun um vinnu við tröll og skessur og þar næstu síðu dæmi um umræðuspjald. Kennsluefnið verður aðgengilegt á heimasíðu Iðavallar frá og með haustinu.




Kisusaga

Einu sinni var kisa sem var að leika sér við vini sína. Og svo voru þeir svangir. Og svo þegar þeir voru búinir að borða voru þeir þreyttir. Þeir sofnuðu. Svo þegar klukkan var búin að hringja voru þeir farnir að knúsa mömmu sína. Og svo þegar þeir voru búinir að knúsa mömmu sína fóru þeir að teikna. Og svo þegar þeir voru búinir að því kettlingarnir voru þeir bara steinsofandi. Svo voru þeir að pissa. Svo fóru þeir að leika sér út í garði við pabba sinn.



Kisusaga

Einu sinni voru kisur sem áttu að fæðast núna. En kisumamma gat ekki það. Út af hún var veik. Og svo kaupti pabbakisan meðal handa mömmunni og þá læknaðist mamma og fór að fæða barnið. Og svo fóru mamma og pabbinn og litlu ungarnir í kirkjuna að skíra. Og svo fóru þau aftur heim að sofa og borða hádegismat. Þegar þau voru búinir að sofa fóru þau í kisuleikskólann. Svo þegar þau voru búinir í kisuleikskólanum fóru þau að skoða gervitröll. Og svo uppi fjöllum fóru þau að skíði en þá birtist ein hendi og svo birtist önnur hendi. Og svo kom eitt nef og svo kom hár og svo kom eitt auga og svo annað auga og eyra og munnur og bak og haus og magi og fótur og fótur og svo trölllið, það var tröll. Þetta var vont tröll sem ætlaði að ná kisuforeldrunum en ekki börnunum. Og svo birtust tásur og aftur tveir fótur og svo birtist hausinn aftur og bara annað tröll. Og svo kom annað tröll að ná kettlingunum og þau fóru að sjá foreldra sína. Tröllin þau ætla að setja kettina í súpuna sína. Og svo þegar þau voru svo þreytt og fóru að sofa læddust kisurnar í burtu. Og svo þegar kisurnar voru búnar að læðast í burtu vöknúðu tröllin og sá að engin kisur voru því þær læddust burt. Þegar kisurnar voru búnar að læðast í burtu þá voru kettlingarnir svo þreyttir að þau fóru að sofa öll í sófanum. Og svo kom pabbinn með sverðið sitt að fara drepa trölllið. Og svo var mamma heima og passa litlu börnin í kisukoti. Og svo þegar pabbinn var búinn að drepa trölllið fór hann aftur heim að hitta kettlingana sína, en þá voru kettlingarnir horfnir. Og pabbakisan sá risa gat á húsinu kisukoti. Svo var eldur uppi í stiganum og þau voru föst uppi. Svo bjargaði pabbinn þeim út af hann var búinn að slökkva eldinn. Svo fóru þau að sofa öll í kisukoti og þá er sagan búin.



Pegar þau voru að setja kettlingana í súpuna

Í byrjuninni var Leppalúði að setja kettlingana í súpuna. Og Grýla var svo heppin að Rauðhetta kom að ná í kettlingana og lemja Leppalúða. Og þá kom hættulegt tröll sem var rosa hættulegt og tröllið var með tvo hausa og það með sverð að reyna að lemja Rauðhettu og þá lamdi Rauðhetta tröllið. Og þá kom hættulega tröllið og Leppalúði var dáinn af því að Rauðhetta var að lemja hann með kylfunni sinni og skjótti hann með vatnsbyssu. Og Leppalúði var ennþá lifandi og var að hræða kettlingana og þessvegna var hann að standa á hníf og fóturinn fór í hnífinn og hann var dáinn. Og svo gat kettlingarnir farið út og Rauðhetta tók súpuna og helkti niður kettlingana. Þá vaknaði Grýla og hlaupti Rauðhetta svo hratt að hún náði að fara heim til ömmu og hina foreldrana. Og Rauðhetta og Grýla og Grýla var orðin að steini af því að sólin kom upp og hún var að öskra og varð þá að steini.



Úlfurinn og Rauðhetta

Stur ömmu segi ég. Og svo gerði úlfurinn að éta hana. Svo komu Rauðhetta og sagði: Af hveju ertu með svona stór eyru. Og svo gerðist sagan, langri sögu. Og svo komu veiðmennirnir og gerðu gat á úlfinn. Og svo kom Rauðhetta út og amman og svo fór Amma og Rauðhetta heim til ömmu. Og svo fóru veiðmennirnir heim.

Og svo er sagan búin...





Skráning föstudaginn 25. október 2013

Olla: Þú ert koddinn minn

Stúlka: Nei, ég er bara stelpa

Olla: Það er ekkert bara. Er það ekki ágætt?

Stúlka: Jú

Olla: Viltu ekki vera strákur?

Stúlka: Nei þeir gera bara leiðinlegt.

Olla: Hvað þá?

Stúlka: Renna sér á þotu og detta og meiða sig mikið

Olla og börnin voru í Búkolluleik með fólkið og dýrin úr töskunni góðu frá Lísu. Þau segja söguna saman og stúlka segir „þetta er stelpa“.

Olla: „Af hverju?“ Stúlka: „Hún er með sóp“

Drengur: „Nei, þetta er strákur“

Olla: „Nú, af hverju?“

Drengur: „Af því hann er með sóp“ Svo bendir hann á fléttuna á persónunni og segir „Strákar mega vera með svona“.

Skráning þriðjudaginn 8. október 2013:

Barn: Þú varst strákur í leikritinu

(Kven)kennari: Var ég strákur?

Barn: Já þú varst úlfur. Úlfar eru strákar.

Kennari: En úlfamömmur?

Barn: Já

Kennari: Hvernig veit maður hvort úlfur er strákur eða stelpa?

Barn 2: Strákurinn segir HÆ (með djúpri, hrjúfri röddu) en stelpa segir HÆ (hátóna og mjúkt).



Úr dagbók kennara 1. október 2013

Það var mikill munur á leik strákanna og stelpnanna í hlutverkakrök, strákar með meiri hreyfingu, meiri hnoð. Stelpurnar meira í rólegheitum en ég heyrði líka, „þú átt að vera síðust, þú átt alltaf að vera síðust“ svona sigilt stelpu eitthvað. Almennt var samt flottur leikur í gangi, mikið um að vera og almennt ótrúlega rólegt og börn upptekin í leik.

Áætlun – Tröll og skessur**Aðferð:** Að nota sögugerð sem grundvöll undir umræðu um jafnrétti. Áhersla á samþættingu grunnstoða, námsþátta og þroskaþátta**Markmið:** Að börnin æfist í að tjá sig með fjölbreyttum hætti, að börnin geti sagt skoðun sína og fært fyrir þeim rök

Kennslugögn – kveikjur	Sögugerð	Skapandi starf	Umræða
<p>Bækur: Dynkur Hlukur, Brian Pilkington Raunamæddur risi, Áslaug Jónsdóttir Bækurnar um litla skrímslið</p> <p>Þjóðsögur: Gilitrutt Gissur í botnum</p> <p>Ljóð: Ömur og fárán, Þórarinn Eldjárn Grýla og leppalúði, Þórarinn Eldjárn</p> <p>Söngvar:</p> <p>Tónlist: Grieg</p> <p>Annað:</p>	<p>Semja eigin tröllasögur</p> <p>Semja eigin tröllavísur</p> <p>Nota söguramma til að semja inn í, fyrst með þremur römmum: -Hverjir eru í sögunni? -Hvað gerist svo? einu sinni var... -Hvernig endar sagan?</p> <p>Síðan er bætt við fleiri römmum, þar sem sagt er frá fleiri atburðum: -Um hvern er sagan? -Hvað gerist svo? Einu sinni var... -Hvern hitti hann/hún? -Hvað gerðu þau? -... -Hvernig endar sagan?</p> <p>Þegar börnin hafa náð leikni í þessu er bætt við fleiri römmum inn á milli þar sem rætt er um tilfinningar, langanir: -Hvernig leið henni/honum? -Hvað langaði hann/hún mest?</p> <p>Hugsanir, áætlanir, markmið: -Hvað hugsaði hún/hann? -Hvað ætlaði hann/hún að gera?</p>	<p>Myndskreyta sögur og vísur</p> <p>Mála söguvið þess sem var lesið Mála eigin söguvið</p> <ul style="list-style-type: none"> • teikna með svörtum tússlit og vatnslita yfir • mála með þekjulitum • fingramála • mála eða teikna í tölvu/ipad <p>-Klippa út úr blöðum og líma á blað eða gera sitt eigið skuggaleikhús, t.d. á myndvarpa</p> <p>-Byggja tröllahelli, úti og/eða inni</p> <p>-Hanna og teikna sín eigin hús</p> <p>Byggja húsin úr kubbum, smíða þau eða leira.</p> <p>-Persónur í sögunum má leira, smíða og teikna, jafnvel hanna á þau föt eða skapa fyrir þau húsgögn eða fylgihluti.</p> <p>-Leika leikrit, gera búninga, semja samtöl</p> <p>-Hlusta á tónlist, skapa eigin tónlist, Hljóðsetja sögurnar sínar</p>	<p>Nýta tækifærin sem gefast til að spyrja gagnrýninna spurninga og hvetja börnin til að segja sína skoðun: Hvað finnst þér? Af hverju finnst þér það? Eru allir sammála? Í öðrum aðstæðum, hefðir þú þá aðra skoðun?</p> <p>Dæmisögur geta gefið aðra niðurstöðu en persónuleg umræða.</p> <p>Kennari er vakandi fyrir tækifærunum sem gefast til að ræða um jafnrétti: Hvað er líkt – ólíkt? Hvað er rétt – rangt? Hvað þarf til ... og hver getur...</p> <p>Umræða um jafnrétti er nátengd umræðu um virðingu, sanngirni, kurteisi, hugrekki/kjark, mikilvægi,</p> <p>Athugið að virk og málefnaleg þátttaka í umræðum er þjálfunatriði. Byrja þarf á einföldum atriðum áður en farið er í flóknari og mikilvægt að byggja upp sjálfstraust barna til að segja hug sinn og taka þátt.</p>

Læknir

(Þetta eru leikföng sem fengust í Nettó í janúar 2013, ljósmynd AY)



Umræðuefni	Viðfangsefni
<p>Hvað gera lækna? Hverir eru lækna? (Eru karlar lækna? Eru konur lækna?) Hvað þarf að geta til að verða lækni? (dæmi um svör: fætur, hendur, augu, lærdóm?)</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hvað gerir lækni í vinnunni? • Hverja lækna lækni? • Hvernig sár býr lækni um? <p>Hver stjórnar á sjúkrahúsinu? <ul style="list-style-type: none"> • hver getur það? hvað þarf til þess að geta það? </p> <p>Skoðum myndirnar af börnunum Hvar eru stelpurnar? Hvar eru strákararnir? Af hverju eru bara stelpur á myndunum? Hvert getur orðið lækni? Hvað þarf til að vera góður lækni?</p> <p>Af hverju er selt læknadót sem er bara ætlað stelpum? Er það sanngjarnt? (af hverju ekki?)</p>	<p>Teikna</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kvenlækni/Karllækni • Lækni að lækna lítið barn • Lækni að lækna gamalt fólk • lækni heima <p>Fara í læknisleik (finna til læknisdót)</p> <p>Lesi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sigrún fer á sjúkrahús • Það á að lækna mig sagði Ponsi litli • Emma fer til læknis • <p>Syngja</p> <ul style="list-style-type: none"> • Dúkkann hennar Dóru var með sótt <p>Skapandi starf</p> <ul style="list-style-type: none"> •

þar sem orðið lækni er karlkyns er það notað í stað „hann“ sem getur verið nokkuð leiðandi

Kynningar

Verkefnið hefur hlotið góða kynningu og hér fylgir listi yfir þær kynningar sem þegar hafa verið haldnar.

1. júní 2013 var umfjöllun um verkefnið í Fréttablaðinu (bls. 2) undir heitinu *Börnin kynleiðretta heimþekkt ævintýri*. Óheppilegt orðalag fréttamanns í titli greinar vakti mikla umæðu á vefmiðlum. Sjá frétt á slóðinni: <http://visir.is/bornin-kynleidretta-heimsthekket-aevintyri/article/2013706019923>

1. júní 2013 var umfjöllun um verkefnið á visir.is undir heitinu *Ævintýrlegt jafnrétti*. Sjá á slóðinni: <http://www.visir.is/ExternalData/pdf/fbl/130601.pdf>

27. september 2013 var verkefnið var kynnt á ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Menntakvika: Rannsóknir, nýbreytni og þróun, undir heitnu *Hugmyndir leikskólakvika um kynjajafnrétti í ævintýrum*. Haldin í húsnæði menntavísindasvið við Stakkahlíð í Reykjavík. Flytjandi Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri og verkefnisstjóri verkefnis. Sjá á slóðinni: <http://vefsetur.hi.is/menntakvika/sites/vefsetur.hi.is.menntakvika/files/dagskra2013.pdf>

4. október 2013. Var fjallað um verkefnið á Ráðstefnu um menntavísindi sem bar heitið Lærdómssamfélagið. Samstarf og samræða allra skólastiga. Haldin í Íþróttahöllinni, Brekkuskóla og Menntaskólanum á Akureyri. Heiti erindis var *Ævintýrlegt jafnrétti. Þróunarverkefni um jafnrétti í leikskólastarfi*. Flytjandi Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri og verkefnisstjóri verkefnis. Sjá á slóðinni: <http://www.msha.is/is/radstefnur/laerdomssamfelagid>

27. mars 2014 var verkefnið kynnt á málþingi um jafnrétti á vegum RannUng. Menntunarstofu í menntunarfræðum ungra barna, undir heitinu: *Ævintýrlegt jafnrétti. Þróunarverkefni um jafnrétti í leikskólastarfi*. Málþingið fór fram í Bratta í Stakkahlíð og flytjandi var Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri og verkefnisstjóri verkefnis. Sjá á slóðinni: http://menntavisindastofnun.hi.is/dagskra_fyrir_malthing_um_jafnretti

5. apríl 2014 var verkefnið kynnt á ráðstefnu Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, það verður hverjum að list sem hann leikur. Undir heitinu *Ævintýrlegt jafnrétti. Þróunarverkefni um jafnrétti í leikskólastarfi*. Flytjendur Hólmfríður Þórðardóttir, leikskólakennari á Iðavelli og Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri. Sjá á slóðinni: <http://www.msha.is/is/radstefnur/lidnar-radstefnur/vorradstefna-msha-2014>

Fyrirhugað er að kynna verkefnið víðar svo sem á ráðstefnum um skólamál sem og að skrifa grein um verkefnið og leitast eftir birtingu á innlendum vettvangi. Í sumar verður unnið að því að koma verkefnum, kennsluleiðbeiningum og öðrum gögnum sem urðu til við vinnu verkefnissins á vef eða í annað aðgengilegt form. Skýrsla um verkefnið verður aðgengileg á heimasíðu skólans og hægt að leita eftir kynningu á verkefninu þangað (idavollur.is / idavollur@akureyri.is).

Lokaorð

Jafnrétti er grunnþáttur í menntun barna og það er mikilvægt að skólar vinni að jafnrétti markvisst og stöðugt. Kennarar þurfa fræðslu og jafnrétti þarf að ræða reglulega og vinna með í kennarahópnum, ekki síst ef í skólanum starfar kynjablandaður hópur, sú er ekki raunin allstaðar og er ein birtingamynd þess að á mörgum sviðum er langur vegur í að jafnrétti náist. Því eru jafnréttisverkefni í skólastarfi mikilvæg og þau ættu að vera fastur liður í starfi allra skóla.

Megin niðurstaðan er sú að verkefnið *Ævintýrlegt jafnrétti* skilaði árangri og það er svo miklu meira en jafnréttisverkefni, það vinnur að lýðræði og mannréttindum enda eru þeir þættir nátengdir jafnrétti. Verkefnið vakti vitund um að börn eru mikið til raddlaus í samfélaginu, jafnvel í skólanum sínum, þau þurfa þjálfun og æfingu í að tjá sig og hugsa með gagnrýnum hætti. Þegar börn fá að heyrast hefur það uppbyggjandi áhrif fyrir þau sjálf og byggir upp sjálfsmynd þeirra.

Eitt af því sem verkefnið kallaði á var vettvangur til að skiptast á skoðunum og ræða um jafnrétti. Því var búinn til Facebook hópur sem heitir *Jafnrétti í uppeldi og menntun ungra barna*. Þetta er hópur ætlaður foreldrum og kennurum með áhuga á jafnrétti og eru þátttakendur rúmlega 200. Þar fer m.a. fram umfræða um og dreifing á áhugaverðu efni. Hópurinn er opinn öllum.

Það er starfsmönnum á Þrymheimi að þakka að verkefnið tókst svo vel sem það gerði. Þeir unnu ötullega að því að veita verkefninu brautargengi og halda því vakandi allt skólaárið. Arnar deildarstjóri greiddi götu allra hugmynda hversu skyndilega sem þær komu upp á og sá um tæknivinnuna m.a. teikningarnar á ípadana og ótal margt annað. Olla sem vann að sögugerð og umræðum við börnin, skráði svo vel atvik og umræðu. Stína sem meðal annars hélt utan um skessuverkefnið ógleymanlega. Síðast en ekki síst Hólmfríður Þórðardóttir eða Fríða sem vann ötullega að verkefninu allan tímann, bar á því megin ábyrgð í skólanum og hélt utan um fundi með börnum og aðra þætti af áhuga og fagmennsku.

Skólastjórnendur og kennarar, foreldrar og börn, takk fyrir ánægjulega, gefandi og fræðandi samveru og þetta vel heppnað verkefni.

Akureyri 17. júní 2014
Anna Elísa Hreiðarsdóttir

18. júní 2014

Undirskrift verkefnisstjóra Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla